# GJALDSKRÁ
## Hitaveitu Dalvíkur.

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. janúar 2013 fyrir orkuveitusvæði Hitaveitu Dalvíkur. Öll verð í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts.

2. gr.

Gjöld fyrir afnot af hitaveituvatninu eru sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a) | Orkugjald skv. vatnsmæli, Dalvík | kr. | 87,09 pr. m³ |
| b) | Orkugjald skv. vatnsmæli, Árskógsströnd | kr. | 121,56 pr. m³ |
| c) | Orkugjald skv. vatnsmæli, sundlaugar | kr. | 34,81 pr. m³ |
| d) | Mælagjald | kr. | 30,93 pr. dag |
| e) | Lokunargjald | kr. | 5.934 |

Þeim viðskiptavinum Hitaveitu Dalvíkur sem nota meira en 25.000 m³ á ári er veittur 30% afsláttur af gjaldskrá af því magni sem umfram er 25.000 m³ á hvern mæli á Dalvík. Vegna hærra hitastigs á heita vatninu á Árskógsströnd er sambærilegt magn þar 17.000 m³.

3. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

| | | |
|---|---|---|
| Fyrir hús allt að 400 m³ að utanmáli og heimæð allt að 50 m | kr. | 300.748 |
| og á m³ þar yfir | kr. | 378 |
| og á m fram yfir 50 m | kr. | 6.581 |

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins. Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki.

Heimæðagjald hitaveitu fyrir útihús tengd landbúnaði skal vera með eftirfarandi hætti:

a. Mjólkurhús/fjós greiðir lámarksgjald kr. 300.748
b. Fyrir hesthús að 700 m³ skal greiða lámarksgjald. Aðilum er heimilt að sameinast um inntak.

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi er vísað til 19. gr. reglugerðar fyrir Hitaveitu Dalvíkur. Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lágmarksheimæðagjaldi hitaveitunnar.

4. gr.

Heimæðagjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í september 2012, 114,8 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta heimæðagjöldum þessum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

5. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 10 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni kr. 5.934.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni

öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Hitaveitu Dalvíkur nr. 1154, 2. desember 2011 með áorðnum breytingum.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 7. desember 2012.*

F. h. r.
**Kristján Skarphéðinsson.**

*Erla Sigríður Gestsdóttir.*